

Sp. 29. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um skipun nefndar til þess að gera athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir bátasjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björgvin Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli 5 manna nefnd til þess að athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum, og gera tillögu um það efni, eftir því sem rétt þykir að athuguðu máli. Fjórir nefndarmenn séu kosnir af sameinuðu Alþingi, en fimmti nefndarmaðurinn sé skipaður af ráðherra og sé hann formaður.

Greinargerð.

Á Alþingi 1956—57 var samþykkt till. til þál., er Ólafur Jóhannesson, er þá átti sæti á Alþingi um stundarsakir sem varaþm. Skagfirðinga, flutti ásamt flutningsmönnum þessarar tillögu. Var hún um svipað efni og þessi tillaga. Þar var þó ekki gert ráð fyrir nefndarskipun, eins og hér er gert. Síðan sú tillaga var sam-

þykkt, hefur það gerzt í málinu, að sett hafa verið lög um lífeyrissjóð togarasjó-
manna og iðnverkafólk í Reykjavík o. fl. hafa samið um lífeyrissjóðsréttindi. Þá
samþykkti síðasti aðalfundur Stéttarsambands bænda tillögu um athugun á mögu-
leikum til stofnunar lífeyrissjóðs fyrir bændur. Almennur áhugi er fyrir fram-
kvæmd málsins og fer vaxandi. Þingsályktunin frá 1957 hefur verið send nokkrum
stéttarfélögum og Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar. Flutningsmönnum þykir
nú tímabært að gera tillögur um kosningu millipinganevndar.

Þá þykir okkur rétt að birta á ný greinargerð þá, er fylgdi tillögunni á Alþingi
1957, er hún svo hljóðandi:

„Á síðari árum hefur þeim starfsmannahópum stöðugt fjölgað, sem njóta lífeyris-
tryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum, sem ýmist hafa verið stofnaðir með lög-
um eða samningum launþega og atvinnurekenda. Er nú svo komið, að yfirleitt allir
fastráðnir starfsmenn þess opinbera njóta eða eiga kost á að njóta lífeyristryggingar
hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða öðrum sérstökum lífeyrissjóðum, svo sem
lífeyrissjóði barnakennara eða lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. En upphaflega var
lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins aðeins ætlaður embættismönnum. Bankarnir hafa
sérstaka lífeyrissjóði fyrir starfsmenn sína, og svo er um ýmis viðskiptafyrirtæki,
þ. á m. Samband ísl. samvinnufélaga. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur sinn
eigin lífeyrissjóð. Njóta skrifstofu- og verzlunarmenn í Reykjavík, sem í því félagi
eru, lífeyristryggingar í þeim sjóði.

Það leikur ekki á tveim tungum, að lífeyrisréttindin eru veruleg hlunnindi.
Sjóðfélagar njóta ellilífeyris, sem getur farið allt upp í 60% af meðallaunum þeirra
síðustu árin, auk þess sem maka og börnum sjóðfélaga er tryggður nokkur lífeyrir.
Sjóðfélagi kaupir sér að vísu þessi lífeyrisréttindi með því að greiða til lífeyrissjóðs-
ins ákveðinn hundraðshluta af launum sínum. En jafnframt greiðir atvinnuveitandi,
hvort heldur er ríki eða annar, tillag til sjóðsins. En auk þess hafa sjóðfélagar, a. m. k.
í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, átt þess kost að fá lán úr sjóðnum til byggingar
eigin íbúða. Hafa lán þessi verið sérlega hagfelld. Hafa sjóðfélagar notið þar mikils
hagræðis, og má fullyrða, að þeir margir hverjir hefðu alls ekki eignazt þak yfir höf-
uðið, ef ekki hefði notið við þessara lána. En með þessum hætti hafa lífeyrissjóð-
irnir einnig gert mikið gagn. Hjá þeim hefur orðið fjársöfnun, og með því fé hafa þeir
bætt úr lánsfjárbörf.

Væntanlega verður því ekki mótmælt, að æskilegt sé, að öllum þjóðfélagsþegn-
um, hvar í stétt sem standa, sé séð fyrir viðunandi ellilífeyri. Það er aðalsmerki
hvers þjóðfélags að búa vel að gömlu fólki. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því, að
fólk, sem á að baki langa og stranga starfsævi, verði í elli sinni að búa við öryggis-
leysi og stórum lakari kjör en fyrr á ævi. Með lögunum um almannatryggingar er
vissulega stefnt í rétta átt, þó að ellilífeyrir samkvæmt þeim lögum sé auðvitað langt
frá því að vera fullnægjandi. En skilyrði þess, að viðunandi ellilífeyrir verði greiddur,
er auðvitað það, að myndaður hafi verið nægilega öflugur sjóður í því skyni. Þann
sjóð þarf fyrst að mynda. Hér er því eigi aðeins spurning um það, hvað sé æskilegt,
heldur og hitt, hvað sé framkvæmanlegt. Um það verður ekkert sagt nema að undan-
gænginni ýtarlegri rannsókn.

Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist tímabært, að það sé tekið til ræki-
legrar og gagnerrar athugunar, hvort tók séu á að stofna lífeyrissjóð, er veitti öllum
þeim, sem ekki eru nú sjóðfélagar í hinum sérstöku lífeyrissjóðum, hliðstæð réttindi
þeim, sem opinberir starfsmenn njóta. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir því, að
slíkur sjóður starfaði á hreinum lífeyrisgrundvelli, þ. e. a. s. að lífeyririnn yrði
keyptur gegn iðgjöldum samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga og að menn gætu
ekki öðlazt lífeyrisréttindi, fyrr en þeir hefðu greitt til sjóðsins iðgjöld í tiltekinn
tíma.

Það er skoðun flutningsmanna, að það sé í alla staði réttmætt, að þær fjölmennu
starfsstéttir, sem nefndar eru í ályktun þessari, njóti hliðstæðra réttinda sem opin-
berir starfsmenn að því er lífeyristryggingu varðar, enda væri með þeim hætti

stuðlað að auknu öryggi í þessum starfsstéttum, og e. t. v. geti það ýtt undir, að ungir menn sæktu þangað meir en nú. Hins vegar má vel vera, að á því séu ýmsir framkvæmdarerfiðleikar að láta lífeyristryggingu taka til þessara stétta. Hinir sérstöku lífeyrissjóðir hafa yfirleitt hingað til verið bundnir við fastráðna starfsmenn, en hafa ekki tekið til þeirra, sem fengizt hafa við sjálfstæðan atvinnurekstur, né heldur til lausráðinna manna. Hér hljóta fjölmörg atriði að koma til athugunar. Er eigi á færi flutningsmanna að fullyrða neitt um það á þessu stigi, hvort fært sé að taka þannig upp almenna lífeyristryggingu landsmanna allra, þótt slíkar alþjóðartryggingar muni nú hafa verið upp teknar annars staðar og almannatryggingarnar hér hjá okkur séu visir að slíkri alþjóðarlífeyristryggingu. Við athugun máls þessa yrði að sjálfsögðu haft samráð við stéttarsamtökin. Vera má, að þessi athugun leiði í ljós, að takmarka verði trygginguna við einhverjar þeirra stétta, sem hér eru nefndar.

En sé framkvæmanlegt að taka upp slíka alþjóðartryggingu, er ljóst, að hún mundi stuðla að eðlilegu og sjálfsögðu jafnrétti meðal þegnanna. Enn fremur mundu safnast sjóðir, sem að sjálfsögðu yrðu m. a. lánaðir sjóðfélögum með hliðstæðum hætti og átt hefur sér stað um lánveitingar úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með stofnun slíks lífeyrissjóðs væri fólki fyrst og fremst tryggt fjárhagslegt öryggi í elli sinni. En auk þess gæti slík sjóðsstofnun stuðlað að varanlegri fjármagnsmyndun, ef rétt væri á haldið, og sjóðfélögum gætu opnast láns möguleikar. Slíkur sjóður gæti t. d. létt undir með hinu almenna veðlánakerfi. Sömuleiðis væri sennilegt, að bændur og útvegsmenn gætu, ef þeir væru tryggðir í sjóðnum, fengið þar hagstæð lán til nauðsynlegra framkvæmda o. fl.

Eitt þeirra atriða, sem athuga þarf, er hversu háttáð yrði stjórn alþjóðartryggingarinnar, ef til kæmi, hvort setja ætti á fót sjálfstæða stofnun eða fela Tryggingastofnun ríkisins þetta verkefni. Er engin afstaða tekin til þess hér.“